

Viðskiptaskilmálar

Meginupplýsingar:

Þessi skilmáli gildir um sölu á vöru Súrefnis kolefnisjöfnun ehf. til lögaðila og einstaklinga.

Skilmáli, sem staðfestur er með staðfestingu á kaupum, er grunnurinn á viðskiptum.

Viðskiptaskilmálar Súrefnis kolefnisjöfnunar ehf. eru einnig fánlegir á ensku.

1. Seljandi

Seljandi er Súrefni kolefnisjöfnun ehf., kt. 410422-0850, Vallakór 4, 203 Kópavogur (í skilmálum þessum nefnt „Súrefni“ eða „seljandi“). Virðisaukaskattsnúmer er 144424.

2. Verkefni Súrefnis

Súrefnisskógurinn

Magn plantna sem gróðursett verður á komandi ári ákveður Súrefni í september árinu á undan, út frá seldum kolefniseiningum, tilkall til kolefniseininga og því fjármagni sem liggur fyrir.

Gróðursetning plantna á sér alfarið stað hjá Skógræktinni (www.skogur.is) sem ábyrgist örugga og vistvæna skógrækt. Miðað er við að hvert tré selt sé staðaltré (hér eftir nefnt „Súrefnistré“) sem er blanda af sitkagreni og alaskaösp.

Öll gróðursetning og kolefnisbinding sem Súrefni selur verður að trjám sem gróðursett verða og eru komin í jörðina og byrjuð að kolefnisbinda, á innan við tveimur árum frá kaupum. Frá gróðursetningu getur verkefnið haft kolefniseiningar „í bið“ skráðar í Loftslagsskrá Íslands. Eftir 5 ár frá gróðursetningu geta fyrstu kolefniseiningarnar verið vottaðar og skráðar sem virkar og er þá hægt að nota í grænu bókhaldi til ábyrgrar kolefnisjöfnunar.

3. Áskrift og kaup á kolefniseiningum

Einstaklingar og lögaðilar geta bundið losun sína í mánaðarlegri og árlegri áskrift með skráningu á vefsíðu Súrefnis (www.surefni.is).

Lögaðilar geta ýmist keypt kolefniseingar eða tilkall til kolefniseingar. Skal beiðni um ráðgjöf varðandi kaup á kolefniseiningum beint að Súrefni í gegnum vefsíðu félagsins (<https://www.surefni.is/business>).

4. Pöntun

Pöntun í áskrift er bindandi þegar hún er skráð á netþjón Súrefnis eða pöntun er staðfest með tölvupósti eða í gegnum síma.

Súrefni sendir kaupanda staðfestingu þegar pöntun er skráð, þó aðeins ef kaupandi hefur skráð netfang sitt við kaupin.

Um skuldbindingu á samningum um kaup á kolefniseiningum eða tilkalli til kolefniseininga fer eftir samningi hverju sinni.

5. Uppsögn áskriftar og skila- og endurgreiðsluréttur

Einstaklingar og lögaðilar í áskrift hjá Súrefni geta sagt upp áskrift sinni með 90 daga fyrirvara.

Í tilfalli Súrefnisskógarins þegar einstaklingar og fyrirtæki hafa greitt fyrir staka gróðursetningu eiga þeir rétt á endurgreiðslu allt að 30 dögum eftir greiðslu fram að næstu ákvörðun kaupáætlunar Súrefnis, að undanskyldu tímabili milli 1. ágúst og 1. september á ári hverju. Eftir 1. september er kaupáætlun Súrefnis á gróðursetningu ákveðin og endurgreiðsla því ekki möguleg.

6. Gjaldskrá

Er varðar Súrefnisskóginn gerir verðlag í verðskrá ráð fyrir kostnaði vegna gróðursetningu, grisjunar og annarra nauðsynlegra aðgerða til að tryggja góða skógarumhirðu. Gerir verðlag einnig ráð fyrir náttúrulegum afföllum trjáa.

Verð vegna áskriftar eru ákvörðuð út frá verðbólgu og innkaupaverði gróðursetningar á ári hverju. Verð í áskrift eru ákveðin í lok árs og gildir það fyrir komandi ár.

Verð fyrir kolefniseiningar og tilkalli til kolefniseininga er samningsatriði hverju sinni en Súrefni gætir ávallt að jafnræði milli kaupenda.

Kaupandi kolefniseininga hefur val um hvernig aðgengi að kolefniseiningum í Loftlagsskrá er hagað og er það nánar útfært við undirritun samnings hverju sinni. Tilfallinn og tilfallandi kostnaður vegna aðgangs að Loftlagsskrá Íslands við notkun kolefniseininga greiðist af kaupanda. Heimild til að nýta kolefniseiningu fer þó eftir skráningu í Loftlagsskrá, þ.e.a.s hvort þær séu skráðar „í bið“, „virkar“ eða „fullnýttar“.

Súrefni hefur millgöngu með kaupum og sölum annarra eininga úr öðrum kolefnisskrám.

7. Greiðsla og greiðslustaður

Hægt er að inna greiðslu af hendi vegna áskriftar með bankamillifærslu, greiðslukorti eða skuldfærslu á viðskiptareikningi.

Sé um að ræða samning vegna kaupa á kolefniseiningum eða tilkalli til kolefniseininga fer um greiðslu eftir ákvæði samning hverju sinni.

8. Vottun

Fyrirtækjaverkefni sem binda eigin losun í gegnum Súrefni eru sett í strangasta vottunarferli sem völ er á í dag á Íslandi. Öll kolefnisbinding er ýmist vottuð í samstarfi við Skógræktina, viðurkenndan vottunaraðila og Loftslagsskrá Íslands en fer það eftir hverju verkefni fyrir sig.

Súrefni kolefnisjöfnun getur staðfest kolefnisjöfnun fyrirtækja. Í því tilliti samþykkir Súrefni einvörðungu áreiðanlega útreikninga á kolefnisspori s.s. úttekið Grænt bókhald, vottaðan EPD útreikning eða sambærilegt.

Ef um vafamál ræðir í ágæti útreiknings kolefnisspors ráðfærir Súrefni sig við ReSource International verkfræðistofu. Ef útreikningur kolefnisspors viðskiptavina er ófullnægjandi verður leitast við að klára vottunarferli útreikninga eftir bestu getu þar til bæra aðila innanlands.

9. Kolefniseiningar

Kolefniseiningar Súrefnis kolefnisjöfnunar eru margvíslegar, ýmist einingar út frá aðferðarfræði Skógarkolefnis sem felur í sér bindingu kolefnis með nýskógrækt eða einingar sem hafa uppruna úr öðrum verkefnum erlendis frá. Einsetur Súrefni sér að miðla einungis áreiðanlegum vottuðum kolefniseiningum frá áreiðanlegum aðilum eins og Gold Standard, Verra og öðrum sambærilegum fagaðilum.

Ein kolefniseining felur í sér sönnun þess að losun á einu tonni koldíoxíðsígilda úti í andrúmsloftið hafi sparast miðað við óbreytt ástand.

Allar Skógarkolefniseiningar uppfylla viðmið Skógarkolefnis um vottun og skráningu á kolefnisbindingu með nýskógrækt. Allar aðrar kolefniseiningar sem Súrefni býður upp á uppfylla viðmið þar til bærra fagaðila og fylgja öllum skilyrðum þeirra stofnana.

Meðan á ferli stendur eru allir þættir vottaðir af óháðri vottunarstofu til að tryggja að kolefniseiningar uppfylli skilyrði og viðmið.

Staðfesting, vottun og skráning kolefniseininga fer eftir ISO 14064-2:2019, tækniforskrift um ábyrga kolefnisjöfnun sbr. ÍST TS 92: 2022 og þær kröfur sem Loftslagsskrá setur um beitta aðferðarfræði við skráningu hins selda. Vottun á kolefniseiningum er framkvæmd af viðurkenndum vottunaraðilum samkvæmt skilyrðum Loftslagsskrá Íslands, bestu fyrirbyggjandi gögnum og kolefnisútreikningum hverju sinni.

Verkefni Súrefnis eru jafnframt vottuð af alþjóðlegri vottunarstofu og kolefniseiningar skráðar í Loftslagsskrá Íslands eða sambærilega loftlagsskrá.

10. Upplýsingar

Súrrefni veitir upplýsingar um vörur eftir bestu vitund og nýjustu rannsóknum hverju sinni.

Súrefni áskilur sér rétt til að aflýsa í heild eða hluta til pöntun kaupanda í áskrift ef í ljós kemur að varan er uppseld. Undir þeim kringumstæðum beinir Súrefni tilkynningu til kaupanda, í samræmi við gefnar upplýsingar.

11. Ábyrgð - skaðleysi

Leiði nýjar rannsóknir og viðmið um kolefnisjöfnun til breyttra skilyrða til skráningar í Loftslagsskrá, ber Súrefni ekki ábyrgð á að umfang kolefnisjöfnunar samkvæmt samningi þessum uppfylli ekki ný skilyrði og viðmið.

Súrefni ábyrgist ekki að tré eða hluti skógar verði fyrir tjóni vegna óviðráðanlegra ytri áfalla, svo sem vegna skógarelda eða annarra náttúruafla, verði endurgróðursett.

Kaupandi kolefniseininga eða annarra grænna vara á ekki rétt til skaðabóta á hendur Súrefni ef vanefndir orsakast af óvæntum og óviðráðanlegum atvikum sem ekki eru til staðar við samningsgerð (*e. force majeure*).

12. Persónuvernd og trúnaður

Farið er með allar persónuupplýsingar sem Súrefni móttækur sem algjört trúnaðarmál og þær einungis nýttar í þeim tilgangi að klára viðskiptafærslu.

Kaupanda gefst kostur á að fá send tilboð í tölvupósti og mun þá Súrefni aðeins nota þær persónuupplýsingar sem til þarf, sem dæmi netföng, kennitölur, reikningsnúmer og heiti kaupanda eða fyrirsvarsmenn lögaðila. Um vinnslu persónuupplýsinga fer eftir persónuverndarstefnu Súrefnis kolefnisjöfnunar ehf. og lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Öll birting um kaup á vörum Súrefnis kolefnisjöfnunar ehf. er nafnlaus nema kaupandi samþykki nafnabirtingu.

13. Eignaréttur

Súrefnisskógurinn

Allar vottaðar kolefniseiningar sem skapast við gróðursetningu verða eign kaupanda.

Önnur verkefni

Kolefniseiningar sem Súrefni kolefnisjöfnun ehf. hefur millgöngu á sölu verða alfarið eign kaupanda.

14. Úrlausn ágreiningsefna og lögsaga

Samningar um kaup á vörum Súrefnis kolefnisjöfnunar ehf. fer að öllu leyti eftir íslenskum lögum.

Ávallt skal reyna leysa öll mál á sem einfaldastan hátt. Ágreining, sem aðilar geta ekki jafnað sína á milli og vísað er til dómstóla, skal rekinn fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.